Laugardagur 9. ágúst 1975 TÍMINN 13

iiiiiiiiiiiilillllnil j%m
Ekkert er nýtt
undir sólinni

B. Sk. skrifar:
„Nýlega var ég að fletta
gamalli bók, Undrum íslands,
eftir Gisla biskup Oddsson. Þar
las ég eftirfarandi klausu,
ásamt mörgum öðrum fróðleg-
um og skemmtilegum.
,,Þá er grasormur, sem
kviknar i skýjunum eða loftinu
og liggur i vissum sveitum
landsins hálflifandi hópum
saman, i fyrstu er hann hvitleit-
ur og smár vexti, vart lengri en
fingursbreidd, og hann er vanur
að sjúga allan safa úr grasinu,
svo að ekkert verður eftir nema
duft eða svört mold eða einhver
sina, slik, sem sést i skamm-
deginu uppþornuð og hvitnuð,
með þessu móti vex eigi aðeins
ormurinn, heldur iklæðist ýmiss

konar lit, mest gráum og græn-
ýróttum, þangað til hann nær
nálega litlafingurs stærð,
bústinn og dökkleitur. Það má -'
merkilegt heita, að þá þróast
annar ættliður, sjálfsagt
þannig, að hann gýtur, þvi að
athugað hefur verið, að inn i
þeim stærstu hafa fundizt þess
konar smádýr eða yrmlingar, 37
eða 40 að tölu, og ógnar mér
slikt. Og ekki er það siður
merkilegt, með hvaða bragði
bændurnir eru vanir að losa
engi sin og tún við þennan
eitraða urmul (þvi að honum
rignir niður nálega i einni hrið
úr loftinu eins og snjó, en ekki
•smátt og smátt). Þeir grafa
þverskurði og langskurði i
jörðina, hér um bil fjórðung áln-
ar að dýpt, og i þá hrapar orma-
urmullinn i haugum pg ferst af
þunga sinum eða sulti, þvi að

þeir megna ekki að komast upp
aftur. Dauðir kroppar þeirra
eru svo ágætur áburður á gras-
lendið, að það af bithaganum,
sem á haustin sölnar Ut í
kuldanum, ber á næsta ári
miklu meira gras en áður."
Þegar ég hafði rennt augun-
um yfir þetta, datt mér i hug,
hvort búfræðingar okkar og
aðrir ágætir búvisindamenn,
sem nú berjast við gróður-
eyðingu i Mývatnssveit og upp-
sveitum Suðurlands af völdum
„grasmaðks" hefðu lesið þetta.
— Vel mætti vera, að þeir væru
svo uppteknir af yngri og sinum
eigin visindum, að þeim hefði
sézt yfir svona fornyrði. Væri
það að visu afsakanlegt i þvi
öngþveiti sem við búum við, en
það er oft gott sem gamlir
kveða. — Það skyldu þeir hafa i
huga."

Kort af framkvæmdasvæðinu að Sigöldu.

Hornsteinn lagður ao

stöðvarhúsinu við Sigöldu

ö.B. Rvík.— Þann 15. ágúst nk.
verður hornsteinn iagður að
stöðvarhúsi Landsvirkjunar við
Sigöldu. Mun forseti Islands
leggja hornsteininn að stöðvar-
húsinu og flytja ávarp.
í ágúst 1973 var undirritaður
samningur við júgóslavneska
fyrirtækið Energoprojekt um
byggingahluta virkjunarinnar.
Var þá þegar hafizt handa um
byggingu virkjunarinnar og hefur
verkið gengið samkvæmt áætlun,
en samið var um að verkinu yrði
lokið siðla árs 1976. En vegna ó-
fyrirsjáanlegra erfiðleika, svo
sem verkfalla og slæmrar veðr-
áttu, mun verkið þó tefjast um
þrjá til fjóra mánuði. Keppzt
verður við að ljúka stöðvarhúsinu
fyrir veturinn, svo unnt veröi aö
ganga.frá þvi að innan. Er það
sem fyrr segir Energoprojekt,
sem sér um allar byggingafram-
kvæmdir fyrir Landsvirkjun, en
aftur á möti verða allar vélar og
túrblnur og annar vélaútbúnaður
keyptur frá Þýzkalandi og Sovét-
rikjunum. Leitazt verður við að
koma fyrstu túrblnunni upp fyrir
1. nóv., og ekki mun verða um
seinkun að ræða á þeim tveimur
sem á eftir koma. Gert er ráð
fyrir möguleika á að hægt sé að
hafa fjórar túrbínur I stöðvarhús-

A sjötta hundrað starfsmenn
eru nú við Sigölduvirkjun, og mun
það vera meiri fjöldi en áður hef-
ur starfað við virkjunina.

Framkvæmdastjóri Lands-
virkjunar er Eiríkur Briem,
verkfræðingur, en stjórnarfor-
maður er dr. Jóhannes Nordal,
seðlabankastjóri.

Steingrímur Sigurðsson sýnir í 25. sinn:

„Þetta er mín aðalsýning
Gsal-Reykjavlk — Steingrlmur
Sigurðsson, listmálari opnar I
dag, laugardag, klukkan fjögur
yfirlitssýningu á verkum sinum
að Kjarvalsstöðum vift Miklatún.
Á sýningunni verða um 100 mynd-
ir, en þetta er 25. einkasýning
Steingrims.
— Þetta er min aöalsýning,
sagði Steingrlmur er blm. Tlm-
ans hittí hann að máli I gær, er
hann var að hengja upp myndir
slnar. — Tilefni þessarar sýning-
ar er það, aö nú er ég oröinn
fimmtugur, sagði hann. Stein-
grlmur kvaö margar myndanna á
sýningunni vera málaðar á slð-
ustu árum og taldi.að um helm-
ingur myndanna væri svo til nýj-
ar. „Ég hef reynt að vera dugleg-
ur", sagði hann.
Slðast sýndi Steingrimur I Eden
I Hveragerði, en þar á undan hélt
hann málverkasýningar i Svi-
þjóð. Þá hefur Steingrimur bæði
sýnt á meginlandi Evrópu, og i

Bandarikjunum og hann fullyrti
við blm. Tlmans, að hann hefði
alls ekki I hyggju aö gefast upp á
Bandarlkjunum.
Við inntum Steingrim eftir þvi,
hvort still hans hefði
, breytzt á einhvern máta siðustu
árin, en Steingrlmur svaraði ekki
spurningunni, heldur skaut henni
til sona sinna, sem voru að hjálpa
honum að koma myndunum fyrir.
Hef ég breytzt I myndgerð? Hef
ég breytt um stll? Annar strák-
anna sagöi, að hann hefði Htið
breytzt, — og virtist Steingrimur
ekkert allt of ánægður með það
svar, en hinn sagði, að honum
fyndist hann vera orðinn betri nú
en áður.

Að öðru leyti fékkst ekki svar
við spurningunni.
Sýning Steingríms verður opin
daglega frá 15—22, nema laugar-
daginn 16. ágúst og sunnudaginn
17. ágúst, en þá er hún opin kl.
15—24 s.d.

Orðsending til

innleggjenda

hjá Sláturfélagi
Suðurlands
Vegna viðgerðar á stórgripasláturhúsi félagsins á Selfossi verður ekki unnt að slátra svinum og stórgripum á tímabilinu
16. ágúst til 2. september n.k., en tekið verður á móti kálfum til slátrunar.

SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS

Selfossi

SC

^ !-(IKll13M f

Gleymib okkur
einu sinni -

ogþið gleymib
því aldrei f
Sjá má á korti þessu orkuöflunar og dreifingarkerfi Landsvirkjunar